



Uppgjör Brims hf. á fyrsta ársfjórðungi 2020

- Rekstrartekjur samstæðunnar voru 74,4 m€
- EBITDA var 7,7 m€ (10,4%)
- Hagnaður tímabilsins var 0,4 m€
- Handbært fé frá rekstri nam 21,3 m€

Rekstur fyrstu þriggja mánaða ársins 2020

Rekstrartekjur Brims hf. á fyrsta ársfjórðungi ársins 2020 námu 74,4 m€, samanborið við 58,0 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 7,7 m€ eða 10,4% af rekstrartekjum, en var 9,7 m€ eða 16,7% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 3,2 m€, en voru neikvæð um 0,8 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarfélaganna voru neikvæð um 0,3 m€, en voru jákvæð um 0,05 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 0,8 m€ og hagnaður tímabilsins var 0,4 m€.

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur					
í þúsundum evra	F1 2020	F4 2019	F3 2019	F2 2019	F1 2019
Seldar vörur	74.423	93.460	67.669	52.064	58.003
Kostnaðarverð seldra vara	(64.719)	(77.758)	(36.317)	(36.319)	(46.975)
Vergur hagnaður	9.704	15.702	31.352	15.745	11.028
Aðrar tekjur	0	1	0	213	0
Útflutningskostnaður	(2.255)	(2.776)	(3.085)	(2.273)	(2.286)
Annar rekstrarkostnaður	(3.153)	(3.839)	(3.482)	(3.643)	(3.080)
Rekstrarhagnaður	4.296	9.088	24.785	10.042	5.662
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(3.163)	(1.449)	(695)	(1.720)	(752)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	(346)	(1.404)	(468)	267	53
Hagnaður fyrir tekjuskatt	787	6.235	23.622	8.589	4.963
Tekjuskattur	(358)	(765)	(5.820)	(1.820)	(1.046)
Hagnaður tímabilsins	429	5.470	17.802	6.769	3.917
EBITDA	7.709	12.583	28.146	13.462	9.715



Uppgjör Brims hf. á fyrsta ársfjórðungi 2020

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 704,2 m€ í lok mars 2020. Þar af voru fastafjármunir 553,9 m€ og veltufjármunir 150,3 m€. Eigið fé nam 306,4 m€, eiginfjárhlutfall í lok mars var 43,5%, en var 45,3% í lok árs 2019. Heildarskuldir félagsins voru í marslok 397,8 m€.

Efnahagsreikningur 31.03.2020 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	31.03.2020	31.12.2019
Fastafjármunir	553.932	549.504
Veltufjármunir	150.316	151.196
Eignir samtals	704.248	700.700
Eigið fé	306.405	317.364
Langtímaskuldir	317.108	321.245
Skammtímaskuldir	80.735	62.091
Eigið fé og skuldir samtals.....	704.248	700.700

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 21,3 m€ á tímabilinu, en nam 22,2 m€ á sama tíma fyrra árs. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 7,1 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 4,5 m€. Handbært fé hækkaði því um 9,6 m€ á tímabilinu og var í lok mars 63,1 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
í þúsundum evra	2020 1.1.-31.03.	2019 1.1.-31.03.
Handbært fé frá rekstri	21.277	22.249
Fjárfestingarhreyfingar	(7.150)	6.157
Fjármögnunarhreyfingar	(4.489)	(22.308)
Lækkun á handbæru fé.....	9.638	6.098
Handbært fé í lok tímabilsins.....	63.135	44.377

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrsta ársfjórðungs 2020 (1 evra = 141,51 kr) verða tekjur 10,5 milljarðar króna, EBITDA 1,1 milljarður og hagnaður 0,06 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 31. mars 2020 (1 evra = 154,87 kr) verða eignir samtals 109,1 milljarðar króna, skuldir 61,6 milljarðar og eigið fé 47,5 milljarðar.



Uppgjör Brims hf. á fyrsta ársfjórðungi 2020

Skipastóll og afli

Skipastóll samstæðunnar er óbreyttur frá áramótum og eru nú átta skip í flota samstæðunnar.

Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2020 var afli skipa félagsins 12,7 þúsund tonn af botnfiski og 11,0 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Kristján Þ. Davíðsson, stjórnarformaður Brims hf.:

Afkoma Brims á fyrsta ársfjórðungi 2020 markast nokkuð af erfiðu tíðarfari og þar með gæftum í upphafi árs með nokkuð lakari afla og þar með afkomu, einkum í veiðum og vinnslu uppsjávarafla. Loðnubrestur annað árið í röð veldur einnig nokkru um afkomu fjórðungsins. Félagið nýtur nú góðs af fjárfestingum undanfarinna missera, bæði í Ögurvík og sölufélögunum í Asíu. Þrátt fyrir að verð sjávarafurða hafi almennt verið tiltölulega góð í upphafi árs eru horfur á mörkuðum óvissar vegna áhrifa heimsfaraldursins á neyslumynstur, sölu og flutninga.”

Kynningarfundur þann 20. maí 2020

Rafrænn kynningarfundur um afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi verður haldinn í dag miðvikudaginn 20. maí klukkan 17:00. Í ljósi aðstæðna fer hann eingöngu fram í gegnum fjarfundabúnað. Hægt er að sækja um aðgang að fundinum á pósthfangið kynning@brim.is.

Kristján Þ. Davíðsson stjórnarformaður mun kynna uppgjörið og svara spurningum.